

**Norska húsið**  
**- Byggðasafn Snæfellinga og Hnappdæla**

Ársskýrsla fyrir árið 2018



Safnstjóri: Hjördís Pálsdóttir

## Efnisyfirlit

Starfsmannamál.....	2
Opnunartími.....	2
Gestafjöldi.....	2
Viðhald hússins.....	3
Styrkir árið 2018.....	3
Sýningar .....	4
Viðburðir.....	4
Námskeið, ráðstefnur og önnur störf.....	6
Krambúð.....	6
Eftirlit Safnaráðs.....	7

## Starfsmannamál.



Ísól Lilja Róbertsdóttir og Guðrún Elena Magnúsdóttir voru sumarstarfsmenn safnsins frá 12. maí - 27. ágúst. Ísól vann einnig stundum um helgar utan sumaropnunar. Einnig vann Sigurður Grétar Jónasson á safninu um sumarið. Á þjóðbúningahátíðinni þarf að kalla til auka starfsfólk, þann dag unnu Hjördís, Ísól Lilja, Guðrún Elena, Sigurður Grétar og Bjarney Inga Sigurðardóttir.

Sigurlína Sigurbjörnsdóttir starfar í 50% stöðu við skráningarmál í geymslu safnsins. Sigurður Grétar Jónasson sinnir tilfallandi verkefnum í safninu í tengslum við sýningar og viðburði. Einnig vinnur hann á safninu á sumrin og suma laugardaga yfir vetrarmánuðina. Sara Rós Hulda Róbertsdóttir vann á safninu nokkra laugardaga frá september - desember.

## Opnunartími.

Sumaropnun safnsins hófst 12. maí og stóð til 31. ágúst, opið var daglega frá kl. 10-17.

Opnunartímar utan sumaropnunar árið 2018 voru eftirfarandi:

- janúar - maí: þriðjudag, miðvikudag og fimmtudag kl. 14-17.
- september - nóvember: mán. - fös. kl. 9-16, lau. kl. 9-12:30
- desemberopnun var frá 1. desember - 23. desember, opið var daglega frá kl. 11-17. Opið öll fimmtudagskvöld frá kl. 20-22.

## Gestafjöldi.

Sumaropnun maí - ágúst: 3955

Aðventuopnun í desember: 463

Aðrir gestir: 678

Gestafjöldi alls: 5096

Tæplega helmingur borgaði sig inn til að fara að skoða 2. og 3. hæð safnsins, ókeypis aðgangur var að breytilegum sýningum.

Aðgangseyrir: 1250 kr. fyrir fullorðna.

800 kr. fyrir hópa fleiri en 10 (frítt fyrir skólahópa).

600 kr. fyrir aldraða og öryrkja

Frítt fyrir 18 ára og yngri í fylgd með fullorðnum.

Safnapassi 2500 kr.

### **Viðhald hússins.**

Styrkur frá Minjastofnun fer í málun ytra borðs og anddyris, sú vinna mun fara fram árið 2019.

### **Styrkir árið 2018.**

#### **Uppbyggingarsjóður Vesturlands:**

Skotthúfan: 300.000 kr.

**Samtals: 300.000 kr.**

#### **Minjastofnun Íslands:**

Viðhaldsstyrkur: 1.300.000 kr.

**Samtals: 1.300.000 kr.**

#### **Safnaráð Íslands:**

Rekstrarstyrkur: 700.000 kr.

Skotthúfan: 550.000 kr.

Jólasýning (24 dagar til jóla - jólamatur): 500.000 kr.

Ljósmyndun gripa: 1.000.000 kr.

Símenntunarstyrkur 300.000 kr.

**Samtals: 3.550.000**

#### **Lista- og menningarsjóður Stykkishólmsbæjar:**

Skotthúfan: 150.000 kr.

Stykkishólmur í aðdraganda fullveldis (sett upp á Amtsbókasafni): 250.000 kr.

Jólasýning (24 dagar til jóla - jólamatur): 100.000 kr.

**Samtals: 500.000 kr.**

### Fullveldissjóður:

Skotthúfan: 300.000 kr.

Stykkishólmur í aðdraganda fullveldis (sett upp á Amtsbókasafni): 360.000 kr.

**Samtals: 660.000 kr.**

**Heildarupphæð styrkja: 6.310.000 kr.**

### Sýningar.



- *Gluggi til fortíðar, gersemar nútíðar og arfur framtíðar*: Endurgerð Norska hússins (stóð júní - október).

- *Stykkishólmur í aðdraganda fullveldis*. Byggðasafnið og Ljósmyndasafn Stykkishólms stóðu að sýningunni sem sett var upp á Amtsbókasafni Stykkishólms (október - ).

- Jólasýning: *24 dagar til jóla - jólamatur*.

### Viðburðir.

29. mars - 2. apríl: Um páskana var haldin flóamarkaður á safninu.

20. apríl: Á sumardaginn fyrsta var safna og sýningadagur á Snæfellsnesi. Norska húsið - BSH var opið frá kl. 13-17.

6. júní: *Út úr Skápnunum. Þjóðbúningana í brúk*. Þjóðbúningafræðsla frá Heimilisiðnaðarfélagi Íslands. Þær Oddný Kristjánsdóttir klæðskeri og kennari í þjóðbúningasámi og Dóra G. Jónsdóttir gullsmiður og sérfræðingur í búningasilfri buðu upp á fræðslu um þjóðbúninga og þjóðbúningasilfur.

30. júní: *Skotthúfan*: Hin árlega þjóðbúningahátíð Norska hússins haldin. Margt í boði, Karl Apselund hélt erindi um Sigurð málara, Heimilisiðnaðarfélag Íslands kynnti starfsemi sína í Norska húsinu og Spilmenn Ríkínís voru með tónleika í gömlu kirkjunni.

17.- 19. ágúst: Danskir dagar í Stykkishólmi. Í Norska húsinu - BSH var boðið upp á æbleskiver, brjóstsykursgerð og andlitsmálningu. Starfsfólk safnanna í Stykkishólmi sá um undirbúning Danskra daga ásamt sjálfboðaliðum.

27. október: Norðurljósahátíð: Í tilefni sýningarinnar *Gluggi til fortíðar, gersemar nútíðar og arfur framtíðar: Endurgerð Norska hússins* voru Jón Svanur og Lárus Péturssynir á staðnum og spjölluðu við gesti og gangandi um uppgerðina á Norska húsinu.

28. október: Norðurljósahátíð: *Sögur af Snæfellsnesi*. Ragnhildur Sigurðardóttir sögufylgja sagði sögur af merkjum Snæfellingum, huldufólki, náttúru og mannlífi.

1. desember: Jólaopnun hófst. Opið alla daga frá 1. des. - 22. des frá kl. 11-17. Þann 13. og 20. desember var jólamarkaður kl. 20-22. Á Þorláksmessu var opið frá kl. 11-22.

1. desember: *Skotthúfan í tilefni 100 ára fullveldisafmælis Íslands*. Í tilefni 100 ára afmæli fullveldis Íslands var haldin þjóðbúningahátíð á safninu. Gestum í þjóðbúning var boðið í kaffi og kökur í stofum Norska hússins og um kvöldið voru tónleikar í gömlu kirkjunni.

8. desember: Piparkökuskreytingar og myndataka með jólasveinum.



## Námskeið, ráðstefnur og önnur störf.

Dagana 6. - 8. september fór safnstjóri á safnaráðstefnu í Granada á Spáni - *Eleventh International Conference on The Inclusive Museum - University of Granada, Granada, Spain*, 6.- 8. september 2018.

The Inclusive Museum er alþjóðleg safna - ráðstefnuröð sem árið 2018 var haldin í ellefta sinn, í Granada á Spáni. Það voru þrjú megin þemu á ráðstefnunni, gestir, safneign og framsetning. Á ráðstefnuna mættu þátttakendur frá yfir 35 löndum allt frá stærstu söfnum í heimi til minni safna. Margvísilegir fyrirlestrar voru í boði, „workshop“, heimsóknir á söfn og fleira. Ráðstefnan var haldin í samvinnu við ICOM (International Council of Museums), IIM (International Institute for the Inclusive Museum) og University of Granada. Tilgangurinn var að sækja þekkingu, víkka sjóndeildarhringinn, efla tengslanet og kynnast hvernig safnafólk víðsvegar að sér fyrir sér málefni safna.

Safnstjóri fór á farskóla safnmanna í Dublin 11. - 14. september. Þar var farið í safnaheimsóknir og fleira.

## Krambúð.



Í krambúðinni fæst fjölbreytt úrval íslensks handverks. Bæði frá heimamönnum sem og öðrum íslenskum hönnuðum. Svipað fyrirkomulag er á rekstri búðarinnar og hefur verið, sumt er keypt inn, annað er í umboðssölu. Það er mikil gróska í íslensku handverki og safnstjóri leggur sig

fram við að fylgjast með og fara meðal annars á *Handverk og Hönnun* markaðinn sem er haldinn einu sinni til tvisvar á ári í Ráðhúsi Reykjavíkur. Lagður er metnaður í að velja söluvöru sem hæfir safninu og fyrir ýmsa viburði líkt og Danska daga, 17. júní og jólaopnun eru sérstakar söluvörur sem hæfa tilefninu. Krambúðin tekur líka þátt í góðgerða verkefnum sem og sölu á jólakúlum til styrktar Styrktarfélagi lamaðra og fatlaðra.

## **Eftirlit Safnaráðs.**

Eftirlit með húsakosti safns, aðbúnaði safnkosts, varðveislu gripa og öryggismálum

Þetta eftirlit fer fram á nokkurra ára fresti og er framkvæmt af eftirlitsnefnd safnaráðs. Er því framfylgt á þann hátt að viðurkennd söfn skila eftirlitseyðublöðum safna, fá í kjölfarið matskýrslu frá eftirlitsnefnd safnaráðs og að lokum með heimsókn eftirlitsnefndar á staðinn. Er þessi hluti eftirlitsins þróaður í samstarfi við Þjóðminjasafn Íslands, höfuðsafn á sviði menningarminja og hófst þessi hluti eftirlitsins árið 2016. Það ár fengu 13 söfn tilkynningu um eftirlit, árið 2017 fengu 8 söfn tilkynningu og árið 2018 fengu 20 söfn tilkynningu um eftirlit. (tekið af heimasíðu Safnaráðs). Byggðasafn Snæfellinga og Hnappdæla skilaði inn eftirlitseyðublöðum vorið 2018 sem unnin voru af Hjördís Pálsdóttur og Sigurlínu Sigurbjörnsdóttur. Mikilvægt er að fara vel yfir Matskýrslu Safnaráðs vegna eftirlitsins.